

Nr. 17-120 S 089 Mýrarfell SU 136**Vélarvana og dregið til hafnar**

Skipaskr.nr. 2428
Útgerð: Mýrarfell útgerð ehf.
Smíðaður: Knörrr, 2000, Trefjaplast.
Stærð: 5,72 brl. 4,82 bt.
Mesta lengd: 8,94 m Skráð lengd: 7,97 m
Breidd: 2,45 m Dýpt: 0,99 m
Vél: Yanmar, 213,3 kw, 2009.
Fjöldi skipverja: 1



Mýrarfell © Sigurður Bergþórsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 27. nóvember 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. ágúst 2017 var Mýrarfell SU á strandveiðum í Þistilfirði. Veður: SSA 3 m/s.

Á veiðunum varð báturinn olíulaus og óskað var eftir aðstoð. Hólmi ÞH 56 dró bátinn til hafnar á Þórshöfn.

Við rannsókn kom fram:

- að sprunga kom í suðusamskeyti á olíutanknum og olían lak niður í kjöl;
- að olíutankurinn var úr rústfríu efni og upprunalegur.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.